

1872.

26. marz.

37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Þarsem talsvert vægari hegningar liggja við fyrir yfirgang útlendra í landhelgi við Ísland samkvæmt 1. og 2. gr. í tilskipun þeirri, sem út kom 26. f. m. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, o. fl., en samkvæmt eldri lögum, hefir verið ætlazt til við umræður þær, sem fram fóru um tæð lagaboð, áður en það kom út, að nú yrði að framfylgja lögunum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á þeim afbrotum, sem hér eru umtalsmál, þegar tilskipunin væri komin í gildi 1. júlí þ. á. Samt sem áður hefir stjórnarráðinu fundizt það réttast, að láta nokkurn tíma líða, til þess tilskipunin nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að fylgja henni fram með meiri eptirgangsemi, en hinum eldri hegningarákvörðunum laganna um þetta var beitt, og höfum vér því mælt til þess við sjóliðsstjórnina, að skipstjóranum á skonnortunni Fyllu, sem byrjar ferð til Íslands og Færeyja í öndverðum næsta mánuði, verði sagt svo fyrir, að hann enn á þessu ári skuli að eins vísa útlendum skipum burt, sem brjóta gegn tilskipuninni, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, og verður þar að auki athygli hlutadeiganda leidd að því, að tilskipunin sè komin út, og hverjar afleiðingar það hafi, ef þeir gjöri sig seka á ný í hinu sama.

Dómsmálastjórninni mundi nú þykja vænt um, að utanríkisstjórnin tilkynni þeim ríkisstjórnnum í útlöndum, sem í hlut eiga, að farið verði enn á þessu ári, af þeirri ástæðu, sem getið var, eins vægilega að, og hingað til, en framvegis sè það ætlunin einmitt vegna þess, að hegningarákvörðanirnar sè svo vægar í tilskipuninni, að láta þegar í stað taka hvert skip, sem brýtur gegn henni, og fara með það til næsta amtmanns, svo málsókn verði höfðuð á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt því, sem fyrir sè mælt.

38. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um hitavèl í bókhöðu hins lærða skóla í Reykjavík.

1872.

12. apríl.

Kirkju- og kennslustjórnin gefur yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar, að vèr höfum komið því til leiðar, að veittir sè með áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 7. gr. D. 8, 585 rd. til þess að leggja hitavèl í bókhöðu hins lærða skóla í Reykjavík, og höfum vèr falið timburmeistara *Klentz* á hendur, að framkvæma verk þetta á þessu ári, samkvæmt lýsingu þeirri, sem hann hefir samið, og sem vèr sendum yður eptirrit af. Til þess það verði sannað, að verkið sè framkvæmt samkvæmt því, sem um er samið, verðum vèr jafnframt að mælast til, að þèr látið skoðunargjörð fram fara, þegar því er af lokið, og sendið hingað útskrípt af henni.

39. Umburðarbréf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi, um reikningskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum (Prentað á Dönsku einungis).

13. apríl.

Samkvæmt 10. gr. í tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., skulu settar svolátandi reglur, sem farið verður eptir, þegar gjöra skal reikning þann, sem fyrir er mælt um í tæðri grein.

1. grein.

Við lok hvers reikningsárs skal hlutadeigandi lögreglustjóri semja ítarlegan reikning með nægum skilríkjum yfir gjöld þau og sektir þær, sem hann hefir heimt saman á því ári samkvæmt tilsk. 26. febrúar 1872, og skal senda landshöfðingja (fyrst um sinn stiptamtmani) reikninginn með fyrstu pósthferð til Reykjavíkur á því reikningsári, sem fer í hönd.

Þar að auki er lögreglustjóri skyldur til, að senda land-

1872.

13. apríl.

fógeta með fyrstu póstferð á hverju hálfu missiri reikningságrip yfir gjald og sektir, sem hann hefir heimt saman á því hálfu missiri, sem liðið er, og skal fylgja með það fè, sem hann hefir tekið við í gjald og sektir, að frádragnu því, sem honum ber í innheimtulaun, og ef svo ber undir, þeim hluta af sektunum, sem kann að falla til sögumanns (sbr. 9. gr. tilskipunarinnar); svo skal einnig draga frá kostnað þann, sem samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar er goldinn úr opinberum sjóði. Á reiknings-ágrípið skal lögreglustjóri rita vottorð um það, að á tæðu tímabili hafi ekki önnur gjöld eða sektir fallið til, er honum bar að heimta samkvæmt tilsk. 26. febrúar 1872, en það, sem tilgreint er í ágrípinu. Eigi innheimtumaður heima í Reykjavík, skal senda ársreikninginn innan 14 daga eptir lok reikningsársins og ágrípið innan 8 daga frá því hið hálfu missiri er liðið.

2. grein.

Þessi skilríki skulu fylgja ársreikningnum:

1. ágríp af vöruskrá eða tollskrá þeirri, sem skipið á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8 gr.;

2. hið skriflega vottorð, sem skipstjórnarmaður gefur uppá sína æru og trú um það, að ekki sè í skipinu aðrar nè fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, og svo um það, hve mikið af því, sem að flutt er, sè ætlað skipverjum sjálfum; ef svo ber undir, skal og skýrsla sú fylgja reikningnum, sem lögreglustjóri samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar 3. lið hefir heimild til að heimta að sérhver sá, sem tekur við tæðum vörum, gefi uppá sína æru og trú.

3. Að því leyti, er snertir þær vörur, sem gjalda þarf af og fyrir er mælt um í 4. gr., skal staðfest endurrit af hleðsluskjölum þeim eða tilvísunarbréfum, sem þær eiga við, fylgja reikningnum. Sömuleiðis skal reikningnum fylgja skýrsla sú, sem sá, er við vörum tekur, gefur samkvæmt 4. gr. 2. lið, þegar gjaldið er talið eptir slíkri skýrslu.

4. Ef svo stendur á, að lögreglustjóri hefir haft gætur á um afferming skips samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar, skal fylgja útskrift af þeirri gjörð, sem fram hefir farið útaf þessu.

5. Til sönnunar því, að sektir þær, sem í reikningnum standa,

se rétt tilfærðar, skal honum fylgja staðfest endurrit af yfirvalds úrskurði þeim eða dómi, sem ákveður sektirnar.

1872.

13. apríl.

Þegar gjalda skal kostnaðinn við afferming skips úr opinberum sjóði, samkvæmt 3. grein tilskipunarinnar, skal útskrípt af þeirri gjörð, sem fram hefir farið útaf þessu, fylgja reikningnum.

6. Þegar skipstrand verður, og ákveða skal gjald á tæðum vörum, skal staðfest ágríp af því, sem fram hefir farið við strandið, fylgja reikningnum sem skilríki.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til að ferðast til sýningarinnar í Kaupmannahöfn.

13. apríl.

Með bræfi 23. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er formaður nefndar þeirrar, sem sett er í Reykjavík útaf gripasýningunni fyrir Norðurlönd, hefir mælt með, og þar sem gullsmiður Sigurður Vigfússon sækir um opinberan styrk til að ferðast hingað á gripasýninguna, en hann hefir látið á hana sýnishorn af smíðum sínum; hafið þér lagt það til, að sækjandanum verði veittur 200 rd. styrkur af þeim 500 rd., sem samkvæmt bræfi stjórnarráðsins 6. nóvbr. f. á.¹ voru veittir til kostnaðar við hluttekning Íslands í gripasýningunni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið þykist eptir atvikum geta leyft, að tæð upphæð verði veitt sækjandanum af fyrnefndu fê.

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 233.